

Til þeirra er málið varðar

Umsögn um 7. mál Kirkjubings - viðbrögð við grunnhugsun skipurits.

Óþarfi er að málalengja um öll þau atriði sem eru til bóta eða brjóta í bága við hefðir sem hefur verið álitid sem svo að marki grunngerð íslenskrar kirkjuskipanar. Er þar meðal annars vísað til skilnings á biskupsvaldi sem æðsta boðvaldi innan Þjóðkirkjunnar (frá 1874) en að öðru leiti lúti hún lögum og stjórnarskrá. Að sögn flutningsmanna og að álitu nefndarmanna sem að henni standa er hún viðbragð við nýjum lagaramma Þjóðkirkjunnar í hinum einfölduðu rammalöggjöf sem sett var sumarið 2021 og tekur endanlega gildi um áramót. Telja því margir að bregðast verði skjótt við.

Í tillögu að skipuriti sem fylgir sjöunda máli er tiltekið heilt „nýtt svið“ sem kalla mætti þróunar og þekkingarsvið og er hlutverk þess sérstaklega lýst í greinargerð. Þar er gríðar mikilvægum þáttum lýst sem stuðla að því að sögu, samhengi, hefð og hlutverki kirkjunnar sé viðhaldið með góðri „verkfærakistu biskups“ sem styður hann til að vera vörslumaður ákveðins einingarbands, þráðar frá fortíð til framtíðar, þvert á strauma og stefnur.

Segja má, í knöppu yfirliti, að þegar við greinum þá undirflokkana sem settir eru undir „starfssvið“ Biskupsstofu sjálftrar (í skipuriti sem fylgir málinu) þá verður að segjast að allir liðir hins „nýja sviðs“ (PFP) spegli með einhverjum hætti þessi tilgreindu hlutverk Biskupsstofu og má því raunar segja að lesa ætti þessa dálka saman frekar en að sundurgreina með myndrænum hætti í fimm svið, sem virðast við fyrstu sýn vera ólík. Athugasemdin varðar það þá að það sé í raun villandi að tilgreina þrjá dálka „grunnþjónustu“ eins og þar sé um þætti að ræða sem séu aðrir en hinir eiginlegu kjarnaþættir í starfsemi biskupsstofu. Dálkarnir þrír fyrir miðju skipuritinu heyra í raun „undir“ biskupsstofu, hina starfandi stjórnarsýslu og miðstöð kirkjunnar sem biskup veitir táknræna forstöðu.

Í greinargerð með skipuritinu er sérstaklega fjallað um þjónustudálkana þrjá og þar segir í lokaorðum um „sviðið“ sem að framan er nefnt PFP: „Nú þegar er unnið að mörgum ef ekki öllum þeim verkefnum sem hér eru talin upp á ýmsum sviðum starfseminnar. Það sem að mati hópsins er nýjung í þessu sambandi, er að um þau verkefni verði mynduð samstæð eining þannig að þau séu öll á einum stað.“

Hér er raunar vísað til þess að greiningin á þeim sviðum sem undir biskup heyra sé orðin mjög flókin, en þá verður til þankinn um það hvort hvert svið þurfi síðan sinn stjóra og þá raunar um það að ræða að yfirbygging kirkjunnar vaxi í stað þess að dragast saman, eins og æskilegast væri.

Þar sem markmið málsins er væntanlega ekki að auka flækjustig við yfirstjórn kirkjunnar, sem er nógu kostnaðarsöm fyrir, þá má raunar sjá fyrir sér einföldun á skipuritinu sem taki mið af þeirri umræðu sem fram hefur farið í kringum málið. Miðað við meðlimafjölda er alveg ljóst að þjóðkirkjan býr annarsvegar yfir allt of mörgum óljósum hlutverka þáttum í skipuriti sínu og virknin á milli þeirra er ófullnægjandi. Stundum veit hægri höndin ekki hvað sú vinstri gerir en úr því má verulega bæta.

Hefð íslensku þjóðkirkjunnar byggir á að Biskup Íslands sé höfuðbiskup, andlit kirkjunnar og nú í seinni tíð fremstur meðal þriggja sem deila ábyrgð í biskuparáði/á biskupafundi. Hver getur sinnt hlutverkum hins ef svo ber undir og jafnstaða þeirra því raunverulegri en margur vill ætla. Segja má að ekki kunni góðri lukku aðstýra að ganga út frá fölskum forsendum hvað varðar vísanir til hlutverks, ábyrgðar og valdsviðs biskups hverju sinni út frá því að hér sé um aldagamlar hefðir að ræða.

Takmarkað fjárstjórnarvald biskups hefur í raun aðeins verið umtalsvert í tæpan aldarfjórðung og jókst með *lögum um stöðu, stjórn og starfsh.* 1997. Búsetuskylda á fornu biskupsstólunum hefur aðeins staðið í rúmlega 30 ár. Vígslubiskupsembættin voru í upphafi tilkomin sem tæknileg lausn, til að mæta aðstæðum sem gætu komið upp, en hefðarökin fyrir þeim ná þó aftur um öld og umræður benda til þess að enn sé tæknileg og stjórnsýsluleg þörf fyrir embætti vígslubiskupa, auk þess sem fjölskipað stjórnvald er að nokkru leyti lýðræðislegra fyrirkomulag en það sem við búum við þegar lýðræðisvæðing kirkjunnar er jafn skammt á veg komin og raun ber vitni.

Þegar horft er til þess að virða það faglega sjónarmið, í stað þess að beita niðurskurði til að einfalda stjórnsýsluna, þá má segja að með því að binda embætti vígslubiskupa við ákveðin þjónustusvið „innan biskupstofu“ þá mætti ætla að sviðin gætu haft öflugra forystu (ímynd) og um leið væri biskupsvaldinu dreift með táknrænum hætti þar sem að um samráð þriggja væri að ræða þegar kæmi að ákvörðunum um heildarstefnu og markmið

sem forysta kirkjunnar setti sér. Binding embætta við búsetu á stólunum mætti leggjast af en prestsetur áfram vera og skyldur við staðina. Eðlilegt væri þó að skyldurnar byggðu á sérsviðum hvors vígslubiskups um sig og að þeir bæru ábyrgð á „málaflokkum“ á landsvísu, en sinntu í raun ekki um landfræðilega skilyrt tilsjónarhlutverk (enda er það nú þegar takmarkað). Sérþjónustu-og fjölskyldusvið biskupsstofu gæti t.a.m. verið sérverkefni tengt Skálholtsbiskupi en þekkingar-, fræðslu og þróunarstarf væri þá áhersluþáttur í starfsskyldum þess biskups sem bundinn væri Hólum.

Í akademíunni má nefna að sambærilegar 'heiðursstöður' má finna þar, m.a. Jóns Sigurðssonar-prófessorsstöðu innan Háskóla Íslands sem hefur bæði sitt sérsvið og sérstakar skyldur við stað og rannsóknir tengdar honum.

Í þessari hugamyndafræði má segja að sú „opnun“ sem yrði á jafnræði biskupa raungerist með því að biskuparnir þrír geta raunar allir haft aðstöðu á „Biskupsstofu“-sem hlyti þá annað heiti (Kirkjumíðstöðin?). Ef til vill mætti segja að biskupsritari gæti verið eiginlegur framkvæmdastjóri þeirrar einingar og sjá fyrir sér að starfsemin gæti jafnvel farið fram víðs vegar um landið (sbr. Grunnþættina þrjá, tilsjón prófastdæmanna, sérþjónustu og þekkingar/fræðslustarf) þar sem biskupar stýrðu ákveðnum verkefnum í umboði kirkjunnar. (Vísað til aukaskyldna presta víðsvegar.)

Í skipuriti með máli 7/2021 er lagt til að burt falli núverandi kirkjuráð. Speglnin sem felst í þessari umsögn við fram komnar hugmyndir felur í sér að 'aukið vægi' biskupafundar jafnast á við stjórnarsýslulega stöðu í „nýju kirkjuráði“ sem samanstæði þannig af 3 biskupum, biskupsritara & forseta kirkjupings en jafnframt tæki til starfa það framkvæmdaráð sem tillagan felur í sér. Hvert heiti sú stjórnarsýslueining bæri skal ekki lagt til hér en ljóst er að sá hinn sami forseti kirkjupings hefði þá forsæti í framkvæmdastjórn kirkjunnar sem kynnt er í 7.máli Kirkjupings 2021. Framkvæmdaráð ynni í umboði kirkjupings og fylgdi ákvörðunum þess eftir eins og lagt er til og rekstrarskrifstofan heyrði undir þá stjórn, þarsem mannauðs- og fjármálastjóri sætu ásamt 2 leikmönnum (kosnum af kirkjupingi eins og nú er í Kirkjuráði) og forseta þingsins.

Allt í allt má segja að slík „starfsstjórn“ - þegar öll eru talin saman - væri mönnum nú einstaklingum, þrem vígðum (biskupar) & þrem leikum (af kirkjupingi) og hefðu þau öll hlotið kjör til síns umboðs, en jafnframt sætu

nú þrír starfsmenn í yfirstjórninni (biskupsritari, mannauðs & fjárm stj.). Að einhverju leyti mætti segja að slík yfirstjórn gæti endurspeglad þá einingu sem hún stýrir nokkuð vel. Með starfsreglum og vinnulagi mætti tryggja að þessi níu tækjust ekki á enda ekki markmiðið að starfsreglur kveði á um að sú starfsstjórn lenti endanlegum ákvörðunum sem heild. Aftur á móti byggir eining kirkjunnar á því að forseti og biskup miðli málum ef mikið ber á milli hugmynda kirkjuráðs og framkvæmdaráðs. Þessi tvö, höfuðbiskup og forseti þingsins stæðu fyrir „ímynd“ kirkjunnar og varðveittu einingarband hennar. Huga mætti frekar að og útfæra allt sem hér að framan hefur verið sagt mun fyllilegar með tilliti til hlutverks nefnda sem ekki koma fram á skipuritinu; sbr. Helgisiðanefnd osfrv. en í raun er hér verið að bregðast við tillögu sem tilgreinir hvorki hlutverk né valdsvið vígslubiskupa eða biskupsritara, án þess þó að slá þá af.

Með skýrari hlutverkum í skipuriti kirkjunnar væri ábyrgð og jöfnuður aðila innan þess með þeim hætti að megin inntak málsins, eins og það hefur verið kynnt; að létta á veraldlegum og stjórnsýslulegum starfsskyldum höfuðbiskupsins, að mati þess sem þetta ritar, undirstrikað með þeim hætti að biskup væri fremstur andlegra leiðtoga kirkjunnar. Eins væri ljóst að kjör til embættis forseta kirkjupings fæli í sér veigamikið hlutverk en það kallar að sama skapi á mikla uppstokkun á því ferli sem á sér stað við kjör til kirkjupings í dag, þar sem mjög hæpið er að tala um að raunverulegt fulltrúalýðræði sé þar virkt. Því má segja að fyrir höndum sé vinna við að umbylta þeirri grunngerð sem „lýðræðishugmyndir“ okkar byggja á í núverandi mynd ÁÐUR en farið verði að ganga út frá því að kirkjuping endurspegli í raun þá hreyfingu kristins fólk sem þjóðkirkja á Íslandi á að standa fyrir og þjóna - sem og öllum landsmönnum - í samhljóðan við þau lög sem samþykkt voru á Alþingi þann 25.júní 2021.

Með virðingu og vinsemd

Arnaldur Máni Finnsson